

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 163/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Ragnari Kjartanssýni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði er rökstuddur grunur á að varnaraðili kunni að hafa framið brot er varðað geta fangelsi. Þá ber einnig að fallast á að nauðsyn hafi verið á því skv. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að bera sig saman við meðkærðu og aðra. Þykir mega staðfesta úrskurðinn, þó með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila skuli standa til miðvikudagsins 11. júní nk.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila, Ragnars Kjartanssonar, standi til miðvikudagsins 11. júní nk. kl. 17.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssýni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Ragnari Kjartanssýni, fæddum 4. mars 1942, til heimilis að Vogalandi 11 hér í borg verði með úrskurði gert

að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember sl. var bú Hafskips h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann 6. maí sl. barst ríkissaksóknara rannsókn skiptaréttar Reykjavíkur á gjaldþroti fyrirtækisins, sbr. 88. gr. 4. tl. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978. Með bréfi dagsettu 7. maí sl. gaf ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir-mæli um umfangsmikla rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og Útvegsbanka Íslands h/f gegn XIV., XV., XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Í ítarlegri skýrslu skiptaráðanda eru raktar grunsemdir um stórfellt misferli forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og skyldi rannsóknin m.a. beinast að eftirfarandi:

- A. Ætluðum brotum tengdum reikningsskilum og áætlanagerð.
- B. Ætluðum brotum er tengjast verðmætamati eigna.
- C. Ætluðum brotum tengdum hlaupareikningum í vörslum forráðamanna Hafskips h/f.

Leikur grunur á því að á árinu 1984 hafi verið útbúnir uppgjörssreikningar mismunandi efnis, annars vegar handa forráðamönnum félagsins og hins vegar handa öðrum, þar á meðal Útvegsbanka Íslands. Virðist niðurstaða svokallaðs milliuppgjörs hafa verið visvitandi rangfærð og síðan hagnýtt félaginu til hagsbóta.

Einnig leikur grunur á því að forráðamenn Hafskips h/f hafi vakið og hagnýtt sér rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbanka Íslands um verðgildi veðsettra eigna félagsins. Liggur fyrir að á hefur vantað allt að kr. 170.000.000,00 til þess að markaðsverð skipa félagsins stæði undir veðskuldbindingum.

Þá þykir ástæða til að ætla að forráðamenn Hafskips h/f hafi misfarið verulega með sérstaka hlaupareikninga sem voru á nafni félagsins en í vörslu þeirra.

Auk framangreinds er rannsókninni ætlað að taka til ætlaðra brota vegna bifreiðakaupa, veitingar afsláttar og eftirgjafar flutningskrafna, greiðslu ferðakostnaðar o.fl.

Kærði hóf störf hjá Hafskipi h/f í júní árið 1978 sem framkvæmdastjóri ásamt Björgólfi Guðmundssyni en um vorið 1983 tók kærði við starfi stjórnarformanns félagsins.

Kærði hefur gefið skýrslur hjá RLR og eru þær ekki til þess fallnar að varpa ljósi á veigamikil atriði og þykja um margt tortryggilegar.

RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur 5 öðrum mönnum í tengslum við mál þetta. Einn þeirra hefur við yfirheyrslur hjá RLR kannast við að forsvarsmenn félagsins hafi visvitandi rangfært reikningsuppgjör félagsins og jafnframt sammælt um rangan framburð fyrir skiptarétti.

Með hliðsjón af því að framundan er umfangsmikil lögreglurannsókn á stórfelldu fjármálamisferli í tengslum við umrætt gjaldþrot, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 rétt að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ragnar Kjartansson, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 193/1984. **Hapag Lloyd A/G**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

**Yasuda Fire and Marine Insurance
Company Ltd.**

(Björgvin Þorsteinsson hdl.)

**og Yasuda Fire and Marine Insurance
Company Ltd.**

gegn

**Hapag Lloyd A/G og
H/f Eimskipafélagi Íslands**

(Sigurður Helgi Guðjónsson hdl.)

Farmflutningur. Farmskírteini. Lögsaga. Skaðabætur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.